

Samþykkt

148

5. des.

um kornforðatrygging fyrir Skriðu-, Arnarness-, Árskógs-, Þóroddsstaða- og Hvanneyrar-hreppa.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909, og nr. 47, 10. nóv. 1913, gert eftirfarandi samþykkt fyrir Skriðu-, Arnarness-, Árskógs-, Þóroddsstaða- og Hvanneyrar-hreppa.

1. gr.

Kornforða má halda á þessum stöðum:

1. Á Akureyri eða á Hjalteyri, fyrir Skriðu- Arnarness- og Árskógs-hreppa.
2. Í Ólafsfirði fyrir Þóroddsstaðahrepp.
3. Í Siglufirði fyrir Hvanneyrarhrepp.

Í nóvembermánuði ár hvert ákveður sýslumaður eftir tillögum hreppsnefnda þeirra hreppa, er þess óska, hve mikill forðinn skuli vera á hverjum stað.

2. gr.

Þeir kaupmenn eða kaupfjölög, er kornforðatryggingu taka að sjer á þeim stöðum, sem tilgreindir eru í 1. gr., gegn iðgjaldi því, sem um er samið af viðkomandi hreppsnefndum, skulu árlega hafa hinn ákveðna forða til taks frá 1. janúar til 15. maí, um fram það, sem þeir annars hafa til viðskifta sinna á þessu tímabili. Skulu þeir geyma forðann í svo góðum húsum, að hann eigi skemmist, enda ábyrgjast þeir hann að öllu leyti.

3. gr.

Þegar sannað er með álitsgjörð, er sýslumaður telur nægja, að kornforðinn hafi verið til hinn umsamda tíma og í fullu lagi 15. maí, skal kornforðatryggingin upphafin og tryggingargjaldið greitt. Nú sannast það með álitsgjörðinni, að einhver hefir ekki þann forða, er tilskilið var, eða hann er svo skemdur, að hann er ekki notandi, fellur tryggingargjaldið niður.

4. gr.

Hreppsnefndir hinna nefndu hreppa skulu tilkynna sýslumanni fyrir septembermánaðarlok ár hvert, hve mikinn kornforða þær óska sjer trygðan.

148

6. des.

5. gr.

Tryggingargjaldið greiðist að helmingi af hreppunum, nema ef til þess fæst styrkur af vöxtum Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar eða annarstaðar frá, og að helmingi úr landssjóði, sje forðinn látinn ónotaður, að öðrum kosti greiðir notandi þennan helming. Þann hluta tryggingargjaldsins, sem hreppnum og notendum ber að greiða, skal afhenda sýslumanni um leið og honum er tilkynt (sbr. 6 gr.) hvort eða að hve miklu leyti forðian verður notaður.

6. gr.

Fyrir 15. maí ár hvert skulu hreppsnefndirnar tilkynna sýslumanni eða umboðsmanni hans, hvort eða að hve miklu leyti þær hafi forðans þörf. Forða þeirra, er tilkynt hafa, að hann ekki verði notaður, má sýslumaður afhenda öðrum viðkomandi hreppsnefndum, enda greiði þær þá tryggingargjaldið.

7. gr.

Verð fyrir kornvöru þá, sem látin er úti samkvæmt framansögðu, ábyrgjast hlutaðeigandi hreppsnefndir, að greiðist ákveðinn gjalddaga. Nú gelst eigi fjeð að fullu frá einhverjum hreppi eða hreppum, og greiðir þá sýslufjelagið það sem á kann að vanta upp á væntanlegt endurgjald síðar meir frá hlutaðeigandi sveitarfjelagi eða sveitarfjelögum.

8. gr.

Þegar harðindi bera að höndum, má eigi selja kornforðann hærra verði en annars hefði verið á þeim stað, sem hann er geymdur, að viðbættu tryggingargjaldi.

9. gr.

Yfrumsjón kornforðatryggingarinnar hefir sýslumaður og þeir menn, sem sýslunefndin kann að kjósa honum til aðstoðar.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast gildi 1. janúar 1917.

Í stjórnarráði Íslands, 6. desember 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.